

***Innflutningur á vélknúnum sláttuvélum**

***Tollflokkun**

Úrskurður nr. 9/1998.

Málið snerist um ágreining um tollflokkun á vélknúnum sláttuvélum af gerðinni. Ríkistollstjóri kærði úrskurð tollstjórans í R nr. 6/1998 frá 14. september 1998. Úrskurður tollstjórans var á þá leið að vélarnar (smátraktorar) tollflokkuðust í tnr. 8701.9009 og sláttuvélnar, sem fylgdu með í sendingunni, í tnr. 8433.1900, en útskiptanlegar vélar og tæki, sem framvísað var ásamt traktorunum tollflokkuðust í viðeigandi vöruliði samkvæmt tollskrá. Ríkistollstjóri gerði kröfu til þess að varan yrði tollflokkuð í tollnúmer 8433.1900. Niðurstaða ríkistollanefndar var að fella úr gildi úrskurð tollstjóra nr. 6/1998 og tollflokka vöruna í tnr. 8433.1900 í samræmi við kröfur ríkistollstjóra.

Lög nr. 55/1987 101. gr. og almennar túlkunarreglur tollskrár.

Með bréfi, dags. 16. nóvember 1998, kærði ríkistollstjóri úrskurð tollstjórans í R, númer 6/1998, frá 14. september 1998, í kærumáli fyrirtækisins A ehf., um tollflokkun á Jacobsen Tri-King 3WD Triplex Mower og Jacobsen LF-128 Lightweight Fairway mower ásamt fylgihlutum í sendingu nr. E DET 2505 8 NL RTM W011. Úrskurður tollstjórans var á þá leið að vélarnar (smátraktorar) tollflokkist í tnr. 8701.9009 og sláttuvélnar, sem fylgja með í sendingunni, tollflokkist í tnr. 8433.1900, en útskiptanlegar vélar og tæki, sem framvísað er ásamt traktorunum, tollflokkist í viðeigandi vöruliði samkvæmt tollskrá. Ríkistollstjóri gerir kröfu um að varan verði tollflokkuð í tollnúmer 8433.1900.

Í hinum kærða úrskurði tollstjórans í R, nr. 6/1998, segir m.a. að um sé að ræða tvær gerðir af svokölluðum smátraktorum („riders“) með bensínmotor og sæti fyrir ökumann. Vélnar séu aðallega ætlaðar til nota á opnum útisvæðum, m.a. golfvöllum. Vélunum fylgi sláttutæki enda eru þær einkum ætlaðar til slíkrar notkunar. Hins vegar megi á tiltölulega auðveldan hátt skipta sláttutækjunum út fyrir annan viðfestan búnað til hirðu á grasflötum. Festingar til dráttar eru aftan á báðum gerðunum.

Þá vitnar tollstjóri til athugasemdar 2 við kafla 87 í tollskrá en þar er hugtakið dráttarvél skilgreint. Hann telur að sú skilgreining, sem fram kemur í 1. másl. athugasemdarinnar, geti átt við um umræddar vélar. Einnig komi fram í athugasemdinni að vélar og verkfæri hönnuð til tengingar við dráttarvélar í nr. 8701, sem útskiptanleg tæki, flokkist í viðeigandi vöruliði. Ennfremur komi fram í skýringabókum Alþjóðatollastofnunarinnar, bls. 1308, hvernig tollflokka eigi traktora, sem framvísað er með útskiptanlegum vélum eða tækjum, m.a. til landbúnaðarnota.

Með hliðsjón af ofanrituðu úrskurðaði tollstjóri að Jacobsen Tri-King og Jacobsen LF-128 smátraktorar tollflokkist í tnr. 8701.9009. Útskiptanlegar vélar og tæki, sem framvísað var ásamt traktorunum skyldu á hinn bóginn tollflokkast í viðeigandi vöruliði samkvæmt tollskrá. Í þessu tilfelli var úrskurðað að sláttuvélnar, sem fylgdu með í sendingunni, skyldu tollflokkast í tnr. 8433.1900.

Í kröfugerð ríkistollstjóra segir m.a.:

„Eins og segir í úrskurði tollstjóra er hugtakið dráttarvél í 87. kafla skilgreint í 2. athugasemd kaflans sem „ökutæki sem aðallega eru gerð til þess að draga eða ýta öðru ökutæki, tækjum eða hlassi, einnig með aukabúnaði til að flytja verkfæri, sáðfræ, áburð eða aðrar vörur auk aðaltilgangs þeirra...“ Alþjóðatollastofnunin skýrir enn betur hvað átt er við með orðinu dráttarvél í skýringum við vörulið 8701 á bls. 1544 í skýringarriti hennar. Þar er einnig að finna frávísun úr vöruliðnum á ökutækjum sérstaklega hönnuðum, byggðum eða styrktum til þess að mynda samstæða vél eða tæki til að lyfta, grafa eða jafna. Á bls. 1545 er að finna nánari skýringar á því hvað teljist dráttarvélar búnar öðrum tækjum en þar er einnig frávísað ökutækjum véla sem nefnd eru t.d. í vöruliðum 8425, 8426, 8429, 8430 og 8432, þar sem grunnökutækið, stjórnstækin, vinnutækið og drifbúnaður þess eru sérstaklega hönnuð til þess að passa saman og mynda samstæða vélræna heild. Síðari hluti þessara skýringa fjallar um megineinkenni þeirra ökutækja sem mynda samstæða vélræna heild hannaða til meðhöndlunar, graftar o.fl. og hvernig hægt er að greina þau frá dráttarvélum í vörulið 8701 á byggingareinkennum, t.d. sérstökum styrkingum til að halda vinnutækinu, og einnig að þau séu búin öflugum búnaði með innbyggðu vökvakerfi til að stýra vinnutækjunum.“

Þá segir í kröfugerð ríkistollstjóra að þessar frávísanir og skýringar séu í fullu samræmi við 4. athugasemd við flokk XVI í tollskrá sem tekur til þess að „sé vél (þar með taldar samsettar vélar) gerð úr sjálfstæðum hlutum (hvort sem þeir eru aðskildir eða tengdir með pípum, tengslum, rafmagnsköplum eða öðrum búnaði), sem ætlað er sameiginlega að framkvæma skýrt skilgreint verkatriði sem einn af vöruliðum 84. eða 85. kafla taka til, skal hún í heild flokkast undir þann vörulið sem höfðar til þess verkatriðis.“

Ríkistollstjóri telur að með tilliti til þess að tækin séu byggð með grind, sem er sérstaklega útbúin til þess

að festa á hana sláttuvélar, og mjög öflugum vökvakerfum til þess að knýja og stýra sláttuvélunum og að stjórnþæki ökutækisins og sláttuvélanna séu sambyggð, sé óumdeilanlega um að ræða vélar gerðar úr sjálfstæðum hlutum, sem ætlað er sameiginlega að framkvæma skýrt skilgreint verkatriði, sem einn af vöruliðum 84. eða 85. kafla taka til, þ.e. þar sem grunnökutækið, stjórnþækin, vinnutækið og drifbúnaður þess eru sérstaklega hönnuð til þess að passa saman og mynda samstæða vélræna heild, en ekki ökutæki, sem aðallega eru gerð til þess að draga eða ýta öðru ökutæki, tækjum eða hlassi í skilningi vöruliðar 8701.

Með vísan til þess sem að framan hefur verið rakið krefst ríkistollstjóri þess að úrskurður tollstjóra verði felldur úr gildi og úrskurðað verði að umrædd tæki beri að samtolla í tollskrárnúmer 8433.1900 á grundvelli 1. almennu túlkunarreglu og 4. athugasemdar við XVI. flokk tollskrár.

Innflytjanda tækja þeirra, sem hinn kærði úrskurður fjallar um, A ehf., var sent málið til umsagnar. Nefndinni hefur á hinn bóginn ekki borist formleg viðbrögð fyrirtækisins við kæru ríkistollstjóra þrátt fyrir að því hafi verið veitt viðbótarfrestur til að koma að skriflegum gögnum og kröfum í málinu.

Í ljósi þess hvernig mál þetta er vaxið þótti ríkistollanefnd rétt og eðlilegt að gefa tollstjóranum kost á að koma að sjónarmiðum sínum í málinu og því var honum send kæra ríkistollstjóra til umsagnar. Í bréfi tollstjóra, dags. 28. nóvember 1998, segir svo m.a.:

„Ríkistollstjóri vísar í kæru sinni til 2. athugasemdar við 87. kafla tollskrár og skýringar við nr. 8701 í WCO/EN. Það skal viðurkennt að hér er þunn lína á milli og oftast erfitt að draga hana með almennum og skýrum hætti því að á alþjóðamarkaði er fjölbreytni tækja af þessu tagi, sem ætluð eru til nota í gördum og á útisvæðum, gífurleg. Þó er þeim oft skipt í tvo flokka, dráttarvélar („tractors“) og ásetuvélar („riders“). Í grófum dráttum felst munurinn einkum í því að fjölþættari aukabúnaður fæst við dráttarvélar en hinar, þyngdarpunktur þeirra liggur því hærra (hærri hjól) og breidd og stjórnþæki gerir þau liprari í snúningum. Markalínan hér á milli er þó það óljós að einstakir framleiðendur ráða fremur ferðinni en flokkunarreglur tollskrár. Öll hafa þessi tæki það sameiginlegt að þau eru fyrst og fremst hönnuð til aksturs á viðkvæmum grasflötum og til að knýja eða bera útskiptanlegan búnað til umhirðu þeirra.“

Þá segir að einkenni þeirra ökutækja af dráttarvélagörð („traktor type“), sem ekki flokkast í nr. 8701 sé að nokkru lýst í skýringunum á bls. 1545 í WCO/EN. Lýsingin sé mjög eindregin hvað varðar öflug tæki til tiltölulega einhliða notkunar eins og ámokstursvélar, jarðýtur og vélplógar. Hins vegar séu tæki þau, sem hér eru til umfjöllunar, mun léttbyggðari og sé tiltölulega auðvelt að skipta um vinnslutæki, t.d. sláttuvél, grasýfara („groomer“), sóp o.þ.h. Auk þess sé hlutfall milli ferðahraða áfram og aftur u.þ.b. 4:1. Ökuhraði er minni með vinnslubúnað í notkun en hann sé þó meiri en hraði tækjanna afturábak.

Þá megi ekki líta fram hjá því að athugasemd 2 við kafla 87 feli í sér að dráttarvélar séu ekki eingöngu til að draga og ýta hlassi, heldur einnig tækjum, t.a.m. sláttuvélum. Seinni málsliður athugasemdarinnar vísi einmitt til þess hvernig beri að tollflokka slík tæki til tengingar á dráttarvélum.

Þá telur tollstjóri að tilvísun ríkistollstjóra til athugasemdar 4 við flokk XVI eigi ekki við, jafnvel þó ályktað væri að athugasemd 2 við kafla 87 taki af allan vafa um að umrædd tæki flokkast í flokk XVI (kafla 84), þar sem orðalag vöruliðar nr. 8433 er skýrt í þessu sambandi (gras- eða heysláttuvélar).

Þó svo að einhver rök hnigi að því að flokka eigi þessi tæki, einkum LF-128 gerðina, í flokk XVI, telur tollstjóri að ekki verði hjá því komist að líta til heildarniðurstöðu um tollflokkan slíkra tækja á markaði. Reynt hafi verið að leiða að því nokkur rök að tæki af þessu tagi á markaðnum séu svo lík að nær útilokað sé í framkvæmd að flokka þau með mismunandi hætti eftir tiltölulega veigalitlum atriðum í hönnun, frágangi og fjölda fylgitækja.

Ríkistollanefnd sendi ríkistollstjóra ofangreint bréf tollstjórans í R frá 28. nóvember 1998 til umsagnar. Í svari ríkistollstjóra, sem barst nefndinni hinn 10. desember 1998, kemur m.a. fram að í athugasemdum við vörulið 8701 á bls. 1544 og 1545 í skýringarriti Alþjóðatollastofnunarinnar komi fram að dráttarvélar, sem flokkast í vörulið 8701, eru tæki, sem eru aðallega hönnuð til þess að draga eða ýta öðru ökutæki, tækjum eða hlassi. Þær megi vera búnaðar aukabúnaði í tengslum við aðaltilganginn eða að hægt sé að setja á þær verkfæri eða tæki sem aukavirkni. Dráttarvélar megi líka vera búnaðar einföldum búnaði til að slaka eða hífa þau tæki, sem þær draga eða ýta, eða vera með aflúrtaki til að drífa þau. Þá segir að tæki þau, sem hér um ræðir, séu ekki aðallega hönnuð til þess að draga eða ýta heldur séu þau sérstaklega hönnuð til þess að slá gras. Hönnun tækjanna og útfærsla þeirra miði öll að því að þau beri sláttubúnað. Bent er á að grindin sé sérstaklega gerð til þess að festa á hana búnaðinn og sérstakt vökvakerfi sé til staðar til þess að knýja sláttuvélarnar. Þannig sé hægt að taka sláttubúnaðinn af á auðveldan hátt til viðhalds eða annarra hluta. Hönnun þeirra og bygging miðast við grasslátt fyrst og fremst. Létt kerra eða annar útskiptanlegur búnaður sé aukabúnaður með tilliti til aðalvirkinnar. Ríkistollstjóri telur að athugasemd 4 við flokk XVI í tollskrá eigi því fullkomlega við. Grunnökutækið og sláttubúnaðurinn séu sérstaklega hönnuð til þess að vinna saman að skýrt skilgreindu verkatriði (grasslætti), sem vöruliður 8433 tekur til.

Að lokum bendir ríkistollstjóri á að allar athugasemdir í skýringarbókum Alþjóðatollastofnunarinnar, sem eigi við sjálfknúnin tæki í köflum 84 og 85 annars vegar og ökutæki í kafla 87 hins vegar, leggi áherslu á að það sé fyrst og fremst hönnun, grunnbygging og útfærsla, sem ræður úrslitum um flokkun. Þessar athugasemdir komi til

dæmis fram við vöruliði 8425 til 8428, 8429 og 8430 og vörulið 8701. Þessu til staðfestingar séu jarðýtur, sem flokkist í vörulið 8429 jafnvel þó svo þær séu fluttar inn án ýtblaðsins. Þær líti nánast eins út og beltadráttarvélar og geti dregið gríðarlegt hlass. Eini munurinn á þessum tækjum er sá að jarðýtan er hönnuð og byggð til þess að vera með tönn til að ýta jarðvegi og sé þess vegna flokkuð í vörulið 8429 samkvæmt megintilgangi hennar, en ekki í vörulið 8701 þó svo að hún geti sannanlega bæði ýtt og dregið hlass eða tæki.

Í upplýsingabæklingum um tækin og eðli þeirra, sem fylgdu málgögnum kemur fram að tækið Jacobsen Tri-King sé byggt á grind og hafi þrjú hjól. Hjólin eru vökvadrifin þannig að vökvamótor er á hverju hjólanna. Tækið er þannig útfært að þegar ekið er niður í móti eða afturábak þá er einungis drif á tveimur hjólum. Fram kemur að tækið henti sérstaklega vel til notkunar á golfvöllum, íþróttavöllum og almenningsgördum (municipal fields). Tvær gerðir loftkældra véla standa til boða, 19 hestafla dísilvél og 18 hestafla bensínvél. Tækinu er stjórnað með vökvastýri, stjórnborði og ástigum (pedals). Sláttutæki er drifið með þrískiptri vökvadælu (3-section) sem knýr hina þrjú tvíátta mótor sláttuorfanna, sem allir eru hliðtengdir og með stillanlegum snúningshraða. Skurðarhæð er hægt að stilla frá stjórnborði frá 3/8 - 2 1/4 tommur. Tvær gerðir (breiddir) og þrenns konar skurðarblöð er hægt að nota allt eftir þörfum hverju sinni. Tækið er búið vökvabremsum og hefur stöðuhemil á bremsudiskum á framhjólum. Framhjól eru 20 tommur í þvermál á 10 tommu felgum en afturhjól eru á 8 tommu felgum.

Jacobsen LF-128 er byggt á samansoðinni grind og hefur fjögur hjól. Hjólin eru vökvadrifin þannig að vökvamótor er á hverju hjólanna. Hægt er að setja fjórhjóladrif á með því að þrýsta á rofa. Tækið er knúið vatnskældri 28 hestafla dísilvél. Stjórnun á tækinu fer fram með vökvastýri, stjórnborði og ástigum (pedals). Vökvakerfi fyrir sláttuorf er jafnað (balanced). Sláttutækið er drifið með vökvadælu, sem hefur magnstýringu, og er beintengt við mótor tækisins. Tenging við vökvamótor er annars vegar línutenging þriggja sláttuorfa, miðorf að framan og tvö orf að aftan og hins vegar línutenging tveggja ytri sláttuorfa að framan (wing reels). Mótorar eru allir tvíátta. Bremsur eru svipaðar og á bifreiðum (automotive type), skálabremsur með borðum. Framhjól eru 24 tommur í þvermál á 13 tommu felgum en afturhjól eru 18 tommur á 8 tommu felgum.

Í 2. athugasemd, tollskrár, við 87 kafla segir:

„Sem dráttarvélar í þessum kafla teljast ökutæki sem aðallega eru gerð til þess að draga eða ýta öðru ökutæki, tækjum eða hlassi, einnig með aukabúnaði til að flytja verkfæri, sáðfræ, áburð eða aðrar vörur auk aðaltilgangs þeirra.“

Nefndin lítur svo á að tækin, sem hér er deilt um tollflokkun á, séu ekki hönnuð með það meginhlutverk í huga að ýta eða draga. Samkvæmt upplýsingum framleiðanda er meginmarkmiðið fyrst og fremst að slá gras, s.s. á golfvöllum og í almenningsgördum, og miðist því öll hönnun tækisins við það hlutverk. Það að hægt sé að draga eða ýta með tækinu er aukageta. Í gögnum framleiðanda eru bæði tækin kölluð sláttuvélar (mowers). Aukabúnaður sá, sem boðin er með annarri vélinni, þ.e. til ýfingar eða sópunar, breytir að mati nefndarinnar ekki því að megintilgangur tækisins er eftir sem áður að slá gras. Í athugasemd 4 við XVI flokk tollskrár kemur m.a. fram að flokka skuli vél sem framkvæmir skýrt skilgreint verkatriði, sem einn af vöruliðum 84. eða 85. kafla taki til skuli hún í heild flokkast undir þann vörulið, sem höfðar til þess verkatriðis.

Með vísan til þessa sem nú hefur verið rakið og til skilgreiningar Alþjóðatollastofnunarinnar á dráttarvél telur nefndin að vélar þær sem hér um ræðir, eigi að tollflokkast í tnr. 8433.1900. Því beri að fella hinn kærða úrskurð tollstjórans í R nr. 6/98 úr gildi.

Með vísan til 101. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum úrskurðar ríkistollanefnd að Jacobsen LF-128 og Jacobsen Tri-King sláttuvélar skuli tollflokkast í tnr. 8433.1900. Hinn kærði úrskurður tollstjórans í R nr. 6/98 er felldur úr gildi.